

58

11. maí

8. gr.

Þegar sjóðurinn nær þeirri upphæð, að útborgaðir vextir meir en hrökkva til framangreindra styrkveitinga og umbóta húsgagna sjúkaskýlisins, skal leggja það, sem afgangur verður í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjúkaskýlissjóður Síðu-héraðs“, og verja til sérstakrar sjúkaskýlisbyggingar á Breiðabólstað, fyrir áðurgreind byggðarlög, er sé gert úr steinsteypu, og búið öllum þeim nýttíkuþægindum, er þá gerast.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Borg á Mýrum, 31. marz 1932.

Magnús Bjarnarson.

59

31. maí

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu frá
2. apríl 1928.

Aftan við 12. gr. bætist:

Þó getur sýslunefnd falið öðrum umsjón með viðhaldinu, ef hún telur það heppilegra.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. maí 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

60

13. júní

R E G L U G E R ð

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.,
frá 2. nóvember 1917.

Inn í 42. gr. á eftir orðunum „þar sem aðalrétt stendur“, komi: einnig má afhenda sauðfé til sölu að afloknum töfludrætti í fyrri Stafnsrétt.